




ÁRSSKÝRSLA 2020





Efnisyfirlit

Stjórn Strætó	4
Ávarp stjórnarformanns	6
Skipurit Strætó	8
Yfirlit yfir framkvæmdastjórn og hlutverk þeirra	9
Ávarp framkvæmdastjóra	10
Mannauður	14
Sala	20
Leiðakerfið	24
Umhverfis- og öryggismál	30
Ársreikningur: Greinargerð	40
Ársreikningur	46

Stjórn Strætó



Hjálmar Sveinsson
Stjórnarformaður – Reykjavík



Sigrún Edda Jónsdóttir
Varaformaður – Seltjarnarnes



Gunnar Valur Gíslason
Garðabær



Helga Ingólfssdóttir
Hafnarfjörður



Karen Halldórsdóttir
Kópavogur



Ásgeir Sveinsson
Mosfellsbær

Ávarp stjórnarformanns



Hjálmar Sveinsson, stjórnarformaður Strætó

Ekki þarf að fara mörgum orðum um að árið 2020 reyndi mjög á Strætó bs. Miklar takmarkanir á samkomum og skólahaldi reyndust afdrifaríkar fyrir fyrirtækið. Í fyrstu bylgju brást Strætó við með því lækka tíðni ferða þannig að keyrt var á laugardagstíðni um 6 vikna skeið. Vonir stóðu til að ástandið myndi lagast að hausti en þær brugðust.

Tekjur, sem vænta mátti þegar skólar byrjuðu, hröpuðu niður úr öllu valdi. Strætó stendur frammi fyrir vanda. Nauðsynlegt er að styrkja fjárhagsstöðuna á allra næstu mánuðum til að mæta tekjufallinu. Einnig má ljóst vera að talsverð hættu er á rekstrar- og þjónusturöskun vegna aldurs vagnanna sem eru í notkun fyrir Strætó. Hvoru tveggja er tíundað í fjármálagreiningu sem KPMG vann fyrir Strætó.

Spennandi tímar framundan

Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika er framtíðin full af tækifærum fyrir Strætó til að bæta þjónustu sína. Rafrænt greiðslukerfi mun á þessu ári leysa gamalt og úrelt miðakerfi af hólmi. Kerfið virkar þannig að kort eða sími er borið upp að skanna eins og við þekkjum í almenningssamgöngukerfum víða erlendis. Þetta nýja kerfi verður til þægindaauka fyrir þá sem nota strætó og fyrir fyrirtækið sjálft - það minnkar meðal annars möguleikana á svindli. Greiðslukerfið fékk nafnið "Klappið" eftir nafnasamkeppni. Á sama tíma verður ný gjaldskrá tekin í notkun. Hún einfaldar flókið og ógegnsætt afsláttarkerfi sem verið hefur í gildi. Fyrsta skrefið var stigið um áramótin þegar tilkynnt var að börn 11 ára og yngri fá eftirleidis ókeypis í strætó.

Nýtt leiðanet – Borgarlína


Stærsta breytingin í þjónustu Strætó verður nýtt leiðanet. Faghópur um almenningssamgöngur hefur undanfarin misseri unnið að undirbúningi nýs leiðanets. Það er skipulagt með það að markmiði að tengja vagna Strætó við fyrsta áfanga Borgarlínu. Lagt er til að skipta leiðanetinu í tvo flokka: **stofnleiðir** og **almennar leiðir**.

Stofnleiðanetið er skipulagt sem burðarásinn í nýju leiðaneti en tilgangur þess verður að flytja mikinn fjölda farþega á sem stystum tíma. Áætlað er að vagnar á stofnleiðum aki á 7-10 mínútna fresti á annatímum og 15-20 mínútna fresti utan annatíma. Borgarlínan leysir hluta stofnleiðanets Strætó af hólmi eftir því sem sérrými Borgarlínu byggist upp.

Það er því ljóst að Strætó mun leika lykilhlutverk í þeirri samgöngu- og skipulagsbyltingu sem nú stendur fyrir dyrum á höfuðborgarsvæðinu.



Skipurit Strætó



Framkvæmdastjórn og hlutverk þeirra

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana og stefnu stjórnar. Framkvæmdastjóri veitir einnig leiðakerfi og skipulagssviði forstöðu. Fjármál og rekstur ber ábyrgð á fjármálum og bókhaldi, markaðs- og solumálum og upplýsingatækni.

Farþegaþjónusta annast rekstur Pant akstursþjónustu. Sviðið sér einnig um þjónustuver og flotastýringu.

Mannauðs- og gæðasvið sér um ráðningu starfsfólks og sinnir málefnum þess. Gæðamál, verkferlar og verkefnastjórnun tilheyra einnig þessu sviði.

Rekstrarsvið ber ábyrgð á eigin akstri Strætó, verkstæðis, þvottastöðvar og lagers.



Jóhannes S. Rúnarsson
Framkvæmdastjóri



Erlendur Pálsson
Sviðsstjóri farþegaþjónustu



Sigríður Harðardóttir
Sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs



Ingvar J. Hjaltalín
Sviðsstjóri rekstrarsviðs

Ávarp framkvæmdastjóra



Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó

Þrátt fyrir þá erfiðleika sem fylgdu heimsfaraldrinum árið 2020 þá hefur Strætó tekið mikilvæg skref þar sem áhersla er lögð á bættu þjónustu. Stjórn Strætó innleiddi nýja stefnumótun þar sem skýr framtíðasýn var sett í forgang. Nýtt greiðslukerfi var þróað á árinu og grettistaki var lyft í upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Áskoranir

Árið 2020 var mikil áskorun í rekstri Strætó. Heimsfaraldurinn hafði gríðarleg áhrif og það þurfti að bregðast við á ýmsum sviðum, bæði til hagræðingar og aðgerða til að lágmarka smithættu. Aukið var við sóttvarnir á öllum sviðum og settar upp hlífir milli vagnstjóra og viðskiptavina. Í fyrstu bylgju faraldursins var ekki leyft að ganga inn um framhurð vagnsins og í síðari bylgjum var grímuskylda kynnt til sögunnar. Tekjur af viðskiptavinum lækkuðu um rúmar 800 m.kr. á árinu. Fyrirséð er að áhrif heimsfaraldursins gæti einnig á árinu 2021 og er gert ráð fyrir að jafnvægi í rekstrinum verði náð á seinni hluta ársins 2021.

Ný stefna með áherslu á þjónustu

Á árinu 2020 mótaði stjórn Strætó nýja stefnu og nýja framtíðarsýn sem verður grunnurinn að uppbyggingu Strætó á næstu árum. Til þess að tryggja að framtíðarsýn Strætó verði að veruleika verða viðskiptavinir og þjónusta sett í öndvegi. Framtíðarsýninni er skipt í fjóra hluta:

1. Fyrsti valkostur íbúa höfuðborgarsvæðisins í og úr vinnu og skóla

Strætó er þjónustufyrirtæki sem leggur megináherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina með því að stytta ferðatíma og auka tíðni ferða. Það er gert með beinni akstursleiðum, sérakreinum og forgangumferðarljósum.

2. Kolefnislaus vagnafloti

Strætó fylgir stefnu stjórnvalda í loftlagsmálum og stuðlar að bættum lífsgæðum almennings. Strætó leitast eftir að vera leiðandi í orkuskiptum í samgöngum með því að fjárfesta í umhverfisvænum vögnum, s.s. rafmagns-, vetnis-, og metanvögnum.

3. Dýnamiðskt þekkingarfyrirtæki

Strætó byggir á yfirgripsmikilli þekkingu á skipulagi og rekstri almenningsgangna. Strætó vill efla enn frekar þekkingu og færni starfsmanna með því að leggja áherslu á fræðslu og símenntun í hvetjandi starfsumhverfi.

4. Eftirsóknaverður vinnustaður

Strætó vinnur stöðugt að bættu starfsumhverfi og ímynd. Strætó leggur áherslu á að skapa jákvæða og uppbyggjandi vinnustaðamenningu og ásýnd með því að halda í og laða að hæfileikaríkt og öflugt starfsfólk sem hefur menntun, þekkingu og hæfni sem nýtist í störfum Strætó.





Klapp, nýtt greiðslukerfi Strætó

Árið 2020 var lögð mikil vinna í þróun á nýju stafrænu greiðslukerfi sem verður tekið í notkun vorið 2021. Fyrirmynd nýja greiðslukerfisins er þekkt í almenningssamgöngum um allan heim, þar sem strætókort, greiðslukort eða farsími er settur upp við skanna þegar fargjaldið er greitt í vagninum.

Blásið var til nafnasamkeppni um hvað nýja kerfið skildi kallast og að lokum fékk það nafnið **Klapp**. Nafnið er stutt, einfalt og lýsandi fyrir það þegar viðskiptavinir „klappa“ korti eða appi við skannann til þess að greiða fargjaldið.

Með nýju greiðslukerfi gefst tækifæri til að afla nákvæmari upplýsinga um það hvernig viðskiptavinir hegða sér innan strætókerfisins og það mun auðvelda framtíðar breytingar á leiðakerfi og tímatöflum. Klappið verður einnig þróað með þeirri hugsun að það verði hægt að nýta það á fjölbreyttum stöðum eins og í hjólaeigum, deilibilum, sundlaugum, söfnum og fleiri þjónustum í framtíðinni.


Bætt upplýsingagjöf

Góð upplýsingagjöf er eitt stærsta þjónustumálið í almenningssamgöngum. Sumarið 2020 voru rauntímaupplýsingum komið upp í nýju stafrænu strætóskýlunum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Í þessum skýlum geta viðskiptavinir séð hvað margar mínútur eru í næstu vagna. Merkingar á skiptistöðvum voru uppfærðar, nýju rauntímaskilti var komið upp á Hlemmi og upplýsingaskjáriinn inni í Mjódd var virkjaður. Stefnt er að því að koma rauntímagögnum á hverja einustu bíðstöð í appinu og á heimasíðu Strætó. Þessar nýjungar munu eyða óvissu og bæta upplifun viðskiptavina.

Nýtt leiðanet

Spennandi tímar eru framundan í almenningssamgöngum höfuðborgarsvæðisins. Unnið er að útfærslu Nýs leiðanets sem gert er ráð fyrir að verði innleitt árið 2025, samhliða fyrstu lotu Borgarlínunnar. Öll vinna Strætó undanfarin ár hefur miðað að því að undirbúa sig undir innleiðingu nýs hágæða almenningssamgöngukerfis þar sem aukin tíðni, styttri ferðatími og stórauðin þjónusta við viðskiptavini er í fyrirrúmi.

Þetta er hluti af þeim góðu verkum sem voru unnin hjá Strætó á fordæmalausum tímum. Ég vil enda þetta ávarp á því að þakka öllu starfsfólki Strætó fyrir vel unnin störf á þessu erfiða ári. Saman munum við halda áfram að gera Strætó að „bestu leiðinni“.







Mannauður

Alls starfa 276 starfsmenn hjá fyrirtækinu, 221 karlar og 55 konur. Kynjahlutfall í framkvæmdastjórn er þau sömu og árið 2019, eða þrjár karlar og ein kona.


Kynjahlutfall framkvæmdastjórn



Kynjahlutfall starfsmanna



Fjöldi starfsmanna



Íslenska að leiðandi tungumáli

Hlutfall starfsmanna af erlendum uppruna lækkaði um 4% milli ára 2019 og 2020 og stendur nú í 34%.


Áfram er unnið skv. markmiðinu um að gera íslensku að leiðandi tungumáli hjá Strætó.

Margir starfsmenn af erlendum uppruna tala íslensku, en öllum nýjum starfsmönnum með annað móðurmál en íslensku er boðið í stöðupróf og í framhaldinu á íslenskunámskeið.


Alls hafa nú 36 starfsmenn lokið bæði fyrsta og öðru stigi í íslenskunámi og 13 starfsmenn eru búnir að ljúka fyrsta stigi. Á næstunni verður starfsmönnum boðið að halda áfram á þriðja stig þar sem allflestir hafa nú lokið fyrstu stiginum.

Starfsmannavelta

Heildarstarfsmannavelta hækkaði um 2% á milli ára og stóð árið 2020 í 14%. Árið 2018 var veltan töluvert hærri eða um 24%.



Fjöldi starfsmanna sem hefur lokið íslenskunámi




Fræðslustundir

Fræðslustundum fækkaði nokkuð á árinu 2020, einna helst vegna sóttvarna og fjöldatakmarkana í samfélaginu. Námskeið fóru þó í auknum mæli fram á netinu og það er mögulegt að skráningar hafi ekki alltaf skilað sér. Haldin voru fimm námskeið í endurmenntun atvinnubílstjóra á árinu, fjögur í janúar og eitt í ágúst. Sótt var um leyfi til að halda námskeiðin í rafrænu formi og var umsóknin samþykkt haustið 2020. Skipulag fræðslu vegna nýs greiðslukerfis var hafið af fullum krafti seinni hluta ársins 2020 og náðist að halda um 22 stutt námskeið fyrir starfsmenn og verktaka. Til að viðhalda sóttvörnum var fjölda á hverju námskeiði haldið í lágmarki og sömuleiðis voru einnig höfð rafræn námskeið þegar því var við komið.




Tímar



Þróun starfsánægju

Starfsánægja hefur verið mæld reglulega frá árinu 2015. Starfsánægja hefur aukist jafnt og þétt þrátt fyrir örlitla niðursveiflu 2018 en stígur aftur upp árið 2019 og enn ofar 2020.



Meðmælaskor (NPS)


Meðmælaskor starfsmanna er mælt árlega. Hlutfall þeirra starfsmanna sem mæla með, eru hlutlausir eða mæla gegn því að sækja um starf hjá Strætó hefur jafnast talsvert út á tímabilinu. Það fjölgar í í hópi hvetjenda og fækkar í hópi letjenda.

- Hvetjendur
- Hlutlausir
- Letjendur

Hvetjendur eru ákafir starfsmenn sem miðla jákvæðum skilaboðum um fyrirtækið.

Hlutlausir eru ánægðir starfsmenn en ekki virkir talsmenn fyrirtækisins

Letjendur eru afskiptalausir starfsmenn sem geta skaðað fyrirtækið með því að taka undir neikvæð skilaboð til annarra.




Heimsmarkmiðin

Strætó fylgir stefnu stjórnvalda í loftlagsmálum og stuðlar að bættum lífsgæðum almennings. Strætó leitast eftir að vera leiðandi í orkuskiptum í samgöngum með því að fjárfesta í umhverfsvænum vögnum, s.s. rafmagns-, vetnis- og metanvögnum.

Nú er í vinnslu yfirferð á öllum stefnum Strætó með það að leiðarljósi að innleiða heimsmarkmið 11, 12 og 13 í stefnurnar.

Heimsmarkmiðin eru Sjálfbærar borgir og samfélög, Ábyrg neysla og framleiðsla og Aðgerðir í loftlagsmálum.





Öðruvísi borgarferð með Strætó



Vegna heimsfaraldursins var fyrirséð að fjöldi erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu sumarið 2020 myndi dragast töluvert saman sem kynni m.a. að hafa neikvæð áhrif á notkun almenningsgangna, en undanfarin ár hefur hlutfall erlendra kortaveltu í sölu-kerfum Strætó verið á bilinu 20-25% yfir sumarmánuðina.

Til að bregðast við neikvæðum áhrifum kórónuveirufaraldursins á notkun á almenningsgöngum sumarið 2020 var sett í loftið mán- aðarlangt sölu- og markaðsátak í júlí.

Fjölskyldur voru hvattar til að fara í "öðruvísi borgarferð" með Strætó í sumarfríinu. Börn og ungmenni fengu þá frían aðgang að Strætó á höfuðborgarsvæðinu í fylgt með foreldrum og forráðamönnum.

Átakið skilaði nokkuð jákvæðum árangri, en í júlí 2020 nam heildar- fjöldi innstiga í strætókerfinu 83% af fjölda innstiga í sama mánuði árið 2019, þrátt fyrir að fjöldi ferðamanna var undir 20% af fjöldanum árið á undan.




Nema- og samgöngukort

Covid 19 hafði mikil áhrif á sölu korta

Kórónuveirufaraldurinn hafði bein áhrif á sölu flestra vöruliða Strætó. Áhrif breyttra aðstæðna á vinnumarkaði og í skólum, þar sem vinna að heiman stórstækst og skólar færðu fyrirkomulag kennslu að mestu leiti í fjarkennslu má sjá greinilega í sölutölum nema- og samgöngukorta árið 2020. Eftir stöðugan vöxt undanfarin ár minnkaði sala þessa tveggja vöruflokka um þriðjung árið 2020.

Sala nema- og samgöngukorta




Yfir helmingur fargjalda greidd með Strætóappinu

Vinsældir Strætó appsins hafa vaxið stöðugt frá útgáfu þess og er það orðið langalgengasti greiðslumiðillinn sem viðskiptavinir Strætó nota. Árið 2020 voru rúmlega helmingur allra greiddra fargjalda greidd með appinu, en þetta hlutfall hefur aukst jafnt og þétt á undanförunum fjórum árum, eða úr 32% í 54%

Strætó appið hefur reynst vel í kórónuveirufaraldrinum. Viðskiptavinir hafa verið sérstaklega hvattir til að tileinka sér notkun á Strætóappinu m.a. í sóttvarnarlægum tilgangi, en með aukinni notkun appsins má fækka sameiginlegum snertiflötum við greiðslu fargjalda um borð í strætisvögnum. Góður árangur af þessu má sjá á því að vöxtur notkunar á appinu sem greiðslumiðli undanfarið ár kemur að miklu leyti út frá því að viðskiptavinir hafa skipt út reiðufé og pappírsmiðum sem greiðslumiðli og nota appið til að greiða fyrir stök fargjöld í auknum mæli.


Fargjaldaskipting milli ára



Fargjaldaskipting 2020



Fargjaldaskipting innan appsins






Leiðakerfið 2020

20 stærstu stoppistöðvarnar

Taflan sýnir meðalfjölda inn- og útstiga á virkum dögum beggja vegna vegar fyrir árin 2019 og 2020 á stærstu stoppistöðvum leiðakerfisins.



	Stoppistöð	2020	2019
1	Mjódd	6069	7983
2	Hlemmur	4960	6908
3	Hamraborg	3005	3820
4	Ártún, Breiðhöfði/Ártún	2781	3778
5	Lækjartorg / MR / Stjórnarráð	1773	2869
6	Fjörður	1401	2147
7	Smáralind	1000	1178
8	Kringlan (Miklabraut)	863	1146
9	Háskóli Íslands	824	1297
10	BSÍ / Landspítalinn	817	1120
11	Spöngin	679	727
12	Skeifan	624	770
13	Verzló / Borgarleikhúsið	591	762
14	Ásgarður	530	600
15	Kringlumýrarbraut / Kringlan	524	773
16	Gerði	476	646
17	Hlíðar	471	717
18	Bíó Paradís	439	307
19	Hafnarfjarðarvegur / Ásgarður	407	594
20	Fíladelfía / Þjóðskjalasafnið	371	547

Í heild meðaltal innstiga á dag á virkum dögum **30.720** 41.230

Fjöldi innstiga á mánuði á höfuðborgarsvæðinu


Árið 2020 byrjaði vel og innstigum í Strætó fjölgaði í janúar og febrúar. Í mars 2020 fjölgaði COVID-19 smitum hratt í þjóðfélaginu og um miðjan mánuðinn tóku fyrstu samkomutakmarkanir gildi, þar sem framhaldsskólum og háskólum var m.a. lokað. Eftir að samkomutakmarkanir tóku gildi fór Strætó að aka eftir laugardagsáætlun og næturleiðir hættu öllum akstri.

Apríl 2020 varð lægsti mánuðurinn hjá Strætó í innstigum talið, með um 43% af innstigum samanborið við apríl 2019. Umferð ökutækja almennt á höfuðborgarsvæðinu var einnig minnst í apríl 2020 skv. talningu Vegagerðarinnar. Í maí hófst hefðbundin áætlun að nýju (að undanskildum næturleiðum). Innstigum fjölgaði þegar leið á sumarið en með seinni bylgjum faraldursins og hertum samkomutakmörunum fækkaði farþegum aftur þegar líða tók á haustið.

Árið 2020 voru innstig ársins um 73% af heildarinnstigum ársins 2019. Í alþjóðlegum samanburði er það hátt hlutfall á milli ára, þar sem heimsfaraldurinn virðist hafa haft meiri áhrif í nágrennalöndum okkar.



Fjöldi innstiga á mánuði á höfuðborgarsvæðinu







Innstig eftir leiðum (án næturleiða)

Í maí tók við nýtt leiðakerfi innan Hafnarfjarðar þar sem ný leið 19 og lenging leiðar 21 leystu leiðir 22,33,34,43 og 44 af hólmi.

Fækkun farþega var hlutfallslega mest á fjölmennustu leiðum Strætó sem aka á milli stærstu hverfa höfuðborgarsvæðisins. Mest nýttu leiðirnar voru leiðir 1 og 6 en þær aka á 10 mín fresti á annatíma.



S NEMAKORT STRÆTÓ

STRÆTÓ Í SKÓLANN

4.517 KR. / MÁN. FULLT VÆRD 54.200 KR.

STRÆTÓ.IS



Umhverfis- og öryggismál

Strætó leggur áherslu á að lágmarka neikvæð áhrif vagnaflotans á umhverfið. Nánar er hægt að lesa um stefnur Strætó á heimasíðunni, stræto.is.

Vert er að benda á að tölur í umfjölluninni um grænt bókhald eiga aðeins við um eigin akstur Strætó en á bladsíðu 33 má þó finna upplýsingar um akstur verktaka, þ.e. vegalengdir og olíunotkun.

Vagnaflotinn sem rekinn er af Strætó samanstendur af 85 vögnum, 67 dísel vögnum, 3 metanvögnum og 15 rafmagnsvögnum. Vagnafloti verktaka eru 75 vagnar, þ.e. 50 vagnar eru reknir af Kynnisferðum og 25 af Hagvögnum.



Nokkrir áhersluþættir Strætó í umhverfis- og öryggismálum:

- Að móta og skapa öryggis- menningu sem nær til allra starfsmanna Strætó
- Að innleiða notkun á vistvænum orkugjöfum eða orkutækni
- Að aukinn verði hlutur úrgangs sem fer til endurvinnslu og endurnýtingar
- Að taka tillit til umhverfissjónarmiða við innkaup á vörum og þjónustu og að innleiða vistvæn innkaup
- Að upplýsa almenning um ávinning almenningssamgangna og stuðla þannig að aukinni notkun þeirra
- Fræðsla, þjálfun og endurmenntun starfsmanna taki mið af áherslum umhverfis- og öryggismála
- Að sömu kröfur séu gerðar til allra verktaka og þjónustuaðila Strætó




Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda

Eldsneyti	Heildarnotkun	Fjöldi vagna	Notkun á vagn	Eknir km	Notkun á 100 km	Tonn CO ₂ ígildi	Losun CO ₂ g/km
2017							
Dísel (L)	2.303.337	87	26.475	5.478.924	42,0	5.525	1.008
Metan (Nm ³)	32.055	2	16.028	60.335	53,1	(60)*	(994)*
Samtals		89		5.539.259			
2018							
Dísel (L)	2.090.238	78	26.798	4.992.664	41,9	5.014	1.004
Metan (Nm ³)	36.869	2	18.435	60.489	61,0	(69)*	(1.140)*
Rafmagn (kWh)	352.019	14	25.144	293.466	120,0	-	-
Miðstöð - dísel (L)	21.061	14	1.504	293.466	7,2	51	172
Samtals		94		5.346.619			
2019							
Dísel (L)	1.784.885	68	26.248	4.197.810	42,5	4.281	1.020
Metan (Nm ³)	26.053	2	13.027	40.320	64,6	(49)*	(1.208)*
Rafmagn (kWh)	1.305.030	15	87.002	1.111.137	117,4	-	-
Miðstöð - dísel (L)	74.598	15	4.973	1.111.137	6,7	179	161
Samtals		85		5.349.267			
2020							
Dísel (L)	1.412.869	67	21.088	3.497.596	40,4	3.389	969
Metan (Nm ³)	89.027	3	29.676	152.358	58,4	(166)*	(1.093)*
Rafmagn (kWh)	1.478.549	15	98.570	1.290.267	114,6	-	-
Miðstöð - dísel (L)	93.728	15	6.249	1.290.267	7,3	225	174
Samtals		85		4.940.221			

Eitt af markmiðum Strætó er að auka notkun á vistvænum orku-gjöfum. Hlutfall vistvænna ekinna km hefur verið að hækka og var á síðasta ári 29% en var 22% og 7% árin þar áður. Á miðstöð rafmagnsvagna er notað dísel og sveiflast notkunin mikið eftir því hvert hitastigið er úti.

* CO₂ sem verður til við bruna á metani í stað jarðefnaeldsneytis eykur ekki magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu

Akstur og losun gróðurhúsalofttegunda hjá Strætó



Akstursaðilar

Taflan sýnir heildarolíunotkun og heildarakstur vagna hjá öðrum akstursaðilum sem aka á höfuðborgarsvæðinu á vegum Strætó.

Akstursaðilar	Heildarolíu-notkun lítrar	Fjöldi vagna	Notkun á vagn	Eknir km	Notkun á 100 km
Hagvagnar	563.510	25	22.540	1.385.072	40,7
Kynnisferðir	1.382.140	50	27.643	3.637.211	38,0
Samtals	1.945.650	75	25.942	5.022.283	38,7

Euro staðlar vagnflotans

Vagnar sem falla undir hæstu staðlatölu Euro staðalsins, eða Euro 6 voru á síðasta ári 49, 15 rafmagnsvagnar og 34 díselvagnar. Því hærrí sem staðlatalan er því betri teljast mengunarvarnir vagnanna og vænni kostur fyrir umhverfið. Engar breytingar urðu á fjölda vagna í flokkum milli síðustu ára en árið 2020 voru teknir í notkun tveir metan vagnar sem eru Euro 6.


*Euro staðlar	Vagnar 2017	Vagnar 2018	Vagnar 2019	Vagnar 2020
6 - Rafmagns	0	14	15*	15**
6	29	31	34*	34
5	14	14	14	14
4	5	2	0	0
3	23	19	13	13
2	18	14	9	9
1	0	0	0	0
Samtals:	89	94	85	85

* Í þessum tölum eru þrjú vagnar sem Strætó bs. er að leigja: Einn rafvagn og tveir díselvagnar.

** Í þessari tölu er einn leigu rafmagnsvagn

Úrgangur

Hjá Strætó bs. er leitast við að lágmarka úrgang eins og kostur er. Síðustu ár hefur magn úrgangs verið að minnka.



Flokkun úrgangs

		2017	2018	2019	2020
Blandaður úrgangur	kg	27.001	27.147	18.970	18.630
Til urðunar samtals	kg	27.001	27.147	18.970	18.630
Úrgangur til endurvinnslu					
Garðaúrgangur	kg	0	280	0	0
Málmar/brotajárn	kg	12.380	19.820	20.080	14.810
Timbur	kg	1.280	3.280	5.500	4.270
Annað (plast, pappír, dagblöð/tímarit)	kg	1.438	8.468	7.920	6.100
Hjólbarðar	kg	3.375	10.180	11.110	12.400
Til endurvinnslu samtals	kg	18.473	42.028	44.610	37.580
Spilliefni					
Olía og olíumengað í fljótandi formi	L	13.900	17.139	11.051	14.656
Olía og olíumengað í föstu formi	kg	1.323	853	481	646
Rafgeymar og rafhlöður	kg	3.239	4.589	3.609	4.488
Prenthylki	kg	3	0	35	6
Raftæki	kg	449	984	1.460	621
Perur/flúrperur	kg	8	41	38	3
Málning	kg	0	296	0	0
Spilliefni samtals:	L	13.900	17.139	11.051	14.656
Spilliefni samtals:	kg	5.022	6.763	5.623	5.764

Efnanotkun


Á undanförunum árum hefur Strætó séð mengunartölur lækka ár frá ári og leitast við að minnka efnanotkun. Á síðasta ári var notað minna magn af smurolíu, tjöruhreinsi og þvottaefni en árið á undan. Meira var notað af frostlegi á árinu, vegna ábyrgða á vögnum var skipt um meira af frostlegi.

	Einingar	2017	Á vagn á ári	2018	Á vagn á ári	2019	Á vagn á ári	2020	Á vagn á ári
Forsendur									
Vagnafjöldi		89		94		85		85	
Ekniir km:	km	5.539.259		5.346.619		5.349.267		4.940.221	
Smurolía									
Verkstæði	L	6.680	75,1	4.165	44,3	5.668	66,7	4.584	53,9
Þvottastöð ábætt	L	2.783	31,3	3.158	33,6	1.682	19,8	1.629	19,2
Samtals:	L	9.463	106,3	7.323	77,9	7.350	86,5	6.213	73,1
Lítrar per 100 km		0,17		0,14		0,14		0,13	
Önnur efni									
Tjöruhreinsir	L	9.600	107,9	7.400	78,7	8.000	94,1	6.000	70,6
Þvottaefni	L	2.040	22,9	6.030	64,1	4.460	52,5	3.600	42,4
Frostlögur	L	5.598	62,9	5.191	55,2	5.692	67,0	6.110	71,9
Hjólbarðar									
Sólaðir	stk	314		264		298		237	
Nýir	stk	146		228		110		200	
Fjöldi alls:	stk	460		492		408		437	
Fj.per 100 km	stk /100 km	0,008		0,009		0,008		0,009	

Orku- og vatnsnotkun

	2017 Heildarnotkun	Á vagn á ári	2018 Heildarnotkun	Á vagn á ári	2019 Heildarnotkun	Á vagn á ári	2020 Heildarnotkun	Á vagn á ári
Þvottastöð								
Rafmagn (kWh)	167.360	1.880	154.440	1.643	139.320	1.639	125.120	1.472
Heitt vatn (m³)	16.206	182	18.684	199	13.528	159	15.791	186
Kalt vatn (m³)	8.323	94	7.714	82	7.612	90	7.111	84
Aðalhus								
Rafmagn (kWh)	626.278	7.037	647.550	6.889	602.010	7.082	617.085	7.260
Heitt vatn (m³)	49.869	560	13.880	148	14.160	167	16.339	192
Kalt vatn (m³)	1.108	12	1.467	16	1.654	19	3.315	39
Samtals								
Rafmagn (kWh)	793.638	8.917	801.990	8.532	741.330	8.722	742.205	8.732
Heitt vatn (m³)	66.075	742	32.564	346	27.688	326	32.130	378
Kalt vatn (m³)	9.431	106	9.181	98	9.266	109	10.426	123

Rafmagn fyrir hleðslustöð vagna er ekki inni í þessum tölum.



Slys og tjón

Strætó er umhugað um að tryggja öryggi starfsmanna, farþega og almennings og leggur áherslu á að efla öryggismenningu. Regluleg endurmenntun og fræðsla starfsmanna skiptir þar miklu máli svo vel takist til en um er að ræða langtíma-verkefni sem stöðugt þarf að fylgja eftir. Strætó hefur unnið með VÍS að verkefnum sem miðar að því að auka öryggisvitund starfsmanna og að lágmarka slys og tjón sem hægt er að stýra með beinum hætti.

Ár	Fjöldi tryggingartjóna	Rétti/órétti	Upphæð tryggingartjóna (þús. kr)	Fjöldi annarra tjóna	Upphæð annarra tjóna (þús. kr)	Samtals fjöldi tjóna	Heildarkostnaður allra tjóna (þús. kr)
2017	103	56/47	30.822	87	17.726	190	48.548
2018	90	40/50	20.857	124	28.234	214	49.091
2019	85	55/33	26.465	101	25.531	186	51.996
2020	66	37/29	20.880	92	27.230	158	48.111

Fjöldi og kostnaður aksturjtóna getur verið breytilegur á milli ára og geta ýmsir þættir haft þar áhrif á.

Skráðum atvikum og slysum á farþegum Strætó hefur farið fækkandi á síðustu árum, þó að þeim hafi fjölgaði árið 2019. Heildarfjöldi slysa á síðasta ári voru 11 talsins og tilkynnt slys til tryggingafélags voru 2, en þess má geta að Strætó hefur ekki upplýsingar um slys sem tilkynnt eru til annarra tryggingafélaga. Slys sem tilkynnt eru til tryggingafélags teljast þau slys sem sannarlega hafa orðið að máli og teljast mögulega bótaskyld. Strætó tekur þó á móti tilkynningum og ábendingum um ýmis slys í gegnum ábendingakerfi sitt og fylgir þeim eftir.

Ár	Heildarfjöldi	Fall úr sæti	Árekstur	Í og úr vagni	Hurðaslys	Annað	Þar af til tryggingaf.*
2017	18	3	1	0	5	9	14
2018	21	4	1	0	9	7	15
2019	30	5	1	1	7	16	5
2020	11	2	0	0	2	7	2

*Atvik tilkynnt til tryggingafélags Strætó bs.

Vinnuslys

Skráð vinnuslys hjá Strætó á árinu 2020 voru 6. Strætó vill lágmarka slys og sporna við slyshættu hvar sem er í starfsemi fyrirtækisins með fræðslu og forvörnum.

Ár	Heildarfjöldi
2017	13
2018	6
2019	11
2020	6





Ársreikningur 2020


Rekstrarreikningur

Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 454 m.kr. samanborið við 36,9 m.kr. tap árið á undan. Rekstrarframlög eignaraðila eru innheimt á grundvelli fjárhagsáætlunar og námu 3.825,8 m.kr. á árinu 2020 eða jukust um 7% á milli ára sem skýrist að mestu af auknu þjónustustigi við almenning á árinu 2020. Ríkisframlag var 900,0 m.kr. og er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningsamgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn er til 2022 og felur í sér mánaðarleg framlög af hálfu ríkissjóðs. 23% samdráttur var í akstursþjónustu Pant frá árinu 2019, sem rekja má til áhrifa vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Í m.kr.	2019	2020	%
Fargjöld	2.343,8	1.746,5	-25%
Rekstrarframlög eignaraðila	3.566,7	3.825,8	7%
Ríkisframlag	887,2	900,0	1%
Pant akstursþjónusta	1.731,2	1.335,4	-23%
Aðrar tekjur	218,3	281,3	29%
Rekstrartekjur samtals	8.747,2	8.089,1	-8%
Rekstrarsvið	-5.937,2	-6.116,5	3%
Samrekstur	-791,1	-772,5	-2%
Pant akstursþjónusta	-1.731,2	-1.335,4	-23%
Afskriftir	-278,4	-255,0	-8%
Fjármagnsliðir	-46,3	-63,6	37%
Rekstrarniðurstaða	-36,9	-453,9	-

Í m.kr.	2019	2020	%
Fargjöld greitt af farþegum	1.920,5	1.332,3	-31%
Niðurgreiðsla eigenda	423,3	414,3	-2%
Fargjöld samtals	2.343,8	1.746,5	-25%

Fargjöld á mánuði




Fargjöld námu 1.746,5 m.kr. og drógust saman um 25% milli ára vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru á starfsemi félagsins. Eigendur niðurgreiða fargjöld vegna ferða aldraðra, öryrkja og nema og var sú niðurgreiðsla 414,3 m.kr., sem er um 2% lækkun á milli ára vegna minni sölu.

Ef fargjöld eru skoðuð eftir mánuðum, þá var sala á pari í janúar á milli ára og jókst í febrúar um 10% miðað við fyrra ár, eftir það dróst sala verulega saman á árinu 2020.


Aðrar tekjur jukust um 63 m.kr. á milli ára, sem skýrist að stærstum hluta af nýju samkomulagi sem gert var við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að Hafnarfirði og Kópavogi undanskildum, vegna Pant akstursþjónustu. Einnig má rekja aukningu annarra tekna til tilraunaverkefnis um sölu auglýsinga á strætisvagna sem skilaði um 10 m.kr.

Skipting rekstrartekna eftir starfsháttum sýnir að framlög eigenda og ríkis eru 58% af heildartekjum, og fargjöld farþega eru 22%. 17% af tekjum er vegna Pant akstursþjónustu, en allur beinn kostnaður við Pant akstursþjónustu umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum sem að þjónustunni standa.

Fargjaldatekjur farþega standa undir 25% af almennum rekstrarkostnaði Strætó. Í eigendastefnu Strætó er kveðið á um að stefnt skuli á að hlutfallið sé um 40%. Í samræmi við eigendasamkomulagið vinnur Strætó bs. að því að ná því hlutfalli. Vægi fargjaldatekna í almennum rekstrarkostnaði var nokkuð svipað á árunum 2016-2019, en lækkar um 10% árið 2020 sem skýrist af áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru en fargjöld drógust saman um 25% meðan almennur rekstrarkostnaður (án Pant akstursþjónustu) hækkaði um 2,4%.




Skipting rekstrartekna eftir starfsháttum (í m. kr.)




Farþegafjöldi

Farþegafjöldi Strætó dróst verulega saman eða um 27% frá fyrra ári. Myndirnar hér fyrir neðan sýna annarsvegar uppsafnaðan farþegafjölda 2020 og 2019 og hins vegar farþegafjölda hvers mánaðar 2020 og 2019, þar sést greinilega þau áhrif sem heimsfaraldur kórónuveiru hafði á rekstur félagsins.

Farþegafjöldi – uppsafnað



Farþegafjöldi – á mánuði




Rekstrarkostnaður

Í m. kr.	2019	2020	%
Rekstrarsvið	5.937,2	6.116,5	3%
Samrekstur	791,1	772,5	-2%
Pant akstursþjónusta	1.731,2	1.335,4	-23%
Afskriftir	278,4	255	-8%
Rekstrarkostnaður samtals	8.737,8	8.479,4	-3%

Rekstrarkostnaður 2020 var í takti við fyrra ár að undanskilinni Pant akstursþjónustu, sem var um 23% lægri en árið á undan. Samrekstur er lítillega lægri en fyrra ár eða 2%.

Rekstrarsvið skiptist annarsvegar í eigin akstur Strætó, þar með talið laun vagnstjóra, flotastýring, verkstæði, lager og þvottastöð og hins vegar aðkeyptan akstur verktaka. Hlutfall eigin aksturs hefur farið lækkanði frá árinu 2017 og var í lok árs 2020 46%, meðan hlutfall aðkeypts aksturs hefur farið vaxandi og var í lok árs 43%, sem skýrist af auknum akstri og hækkun verðlags. Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði Pant akstursþjónustu og farþegum Strætó bs. Samrekstur er um 11% af rekstrarkostnaði og hefur lækkað frá árinu 2017.

Rekstrarkostnaður



Efnahagsreikningar

Varanlegir rekstrarfjármunir nema 1.763,5 m.kr., nýfjárfestingar nema 163,5 m.kr. á árinu. Fjárfestingar Strætó á árinu eru helst tilkomnar vegna þróunar nýs greiðslukerfis 158 m.kr. sem stefnt er á að taka í notkun um mitt ár 2021. Auk þess eru fjárfestingar í innréttingum, áhöldum og tækjum sem nema 20,1 m.kr.

Meðal fastafjármuna er framlag til Brúar lífeyrissjóðs frá árinu 2017 sem er dreift á 20-30 ár í samræmi við leiðbeiningar frá reikningsskilanefnd sveitarfélaganna. Í árslok voru eftirstöðvar framlags til Brúar lífeyrissjóðs 669,9 m.kr. þegar sá hluti sem kemur til gjaldfærslu á árinu 2021 hefur verið dreginn frá. Veltufjármunir lækkuðu milli ára um 32% sem skýrist að mestu leyti af lækkun krafna við tengda aðila um 68% og lækkun annarra viðskiptakrafna um 42%. Birgðir nema 101,0 m.kr., og dragast saman um 7% milli ára. Birgðir samanstanda af varahlutalager á verkstæði og olíubirgðum. Eigið fé í lok árs nam um 1.283 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 40%, en var 47% 2019. Langtímaskuldir eru við Lánasjóð sveitarfélaganna. Eftirstöðvar nema 1.036,4 m.kr. þar af næsta árs afborganir 38,5 m.kr.


Í m. kr.	2019	2020	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.860,5	1.763,5	-5%
Fyrirframgreitt framlag – Brú	697,8	669,9	-4%
Fastafjármunir samtals	2.558,3	2.433,4	-5%
Birgðir	108,1	101	-7%
Viðskiptakröfur	164,8	95,1	-42%
Kröfur á tengda aðila	418,2	134	-68%
Aðrar skammtímakröfur	83,2	76,8	-8%
Handbært fé	377,1	376,5	0%
Veltufjármunir samtals	1.151,5	783,4	-32%
Eignir samtals	3.709,8	3.216,8	-13%
Eigið fé	1.736,6	1.282,7	-26%
Langtímaskuldir	1.001,6	997,9	0%
Viðskiptaskuldir	496,6	491,7	-1%
Ýmsar skammtímaskuldir	475	444,5	-6%
Skammtímaskuldir samtals	971,6	936,2	-4%
Skuldir og eigið fé samtals	3.709,8	3.216,8	-13%

Sjóðstreymi

Handbært fé nam 376 m.kr. í árslok en var 377 m.kr. í upphafi árs. Ef tekið er mið af útstandandi kröfum á eigendur og aðra viðskiptavini hefur lausafjárstaðan þó dregist saman um 354,6 m.kr. milli ára, nam 960,2 m.kr. í árslok 2019 en nemur 605,6 m.kr. í árslok 2020.

Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda, skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meira er geta félagsins til vaxtar og viðhalds eigna. Árið 2020 er veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum neikvætt um 2,1%.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum





Ársreikningur 2020



Rekstraryfirlit og helstu kennitölur

Rekstur	2020	2019	2018	2017	2016
Rekstrartekjur	8.089.068	8.747.225	8.318.343	7.740.566	7.477.379
Rekstrarkostnaður	(8.224.450)	(8.459.385)	(8.116.374)	(7.562.428)	(7.116.834)
EBITDA.....	(135.382)	287.840	201.969	178.138	360.545
Afskriftir.....	(254.954)	(278.393)	(276.660)	(190.033)	(193.173)
EBIT.....	(390.336)	9.447	(74.691)	(11.895)	167.372
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(63.578)	(46.328)	(48.230)	22.281	12.297
Rekstrarniðurstaða.....	(453.914)	(36.881)	(122.921)	10.387	179.669

Sjóðstreymi




Veltufé (til) frá rekstri.....	(163.472)	268.441	183.137	200.643	375.316
Handbært fé (til) frá rekstri.....	183.993	99.071	(765.343)	376.389	610.754

Efnahagur

	31.12.2020	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2016
Strætisvagnar og önnur ökutæki	1.557.367	1.757.548	1.904.597	1.361.097	1.293.142
Handbært fé.....	376.515	377.133	298.817	926.089	906.878
Langtímaskuldir	997.920	1.001.597	997.767	0	22.414

Kennitölur

Vægi fargjaldatekna í rekstrarkostnaði.....	25%	35%	34%	36%	37%
Eiginfjárlutfall.....	40%	47%	49%	64%	66%
Veltufjárlutfall.....	0,8	1,2	0,9	1,3	1,4
Langtímaskuldir/eigið fé.....	77,8%	57,7%	56,3%	0,0%	1,2%



Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Strætó bs. er byggðasamlag og er tilgangur þess að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og ferðaþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Rekstur ársins og fjárhagsleg staða

Tap af rekstri á árinu 2020 nam 454 m. kr., samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir 3.217 m.kr. í árslok. Eigið fé nam 1.283 m.kr. og er eiginfjárlutfall 40%. Handbært fé nam 376,5 m.kr. Fjöldi ársverka 2020 voru 265.

Eigendur

Í upphafi ársins sem og í árslok voru eigendur byggðasamlagsins sex, en þeir eru:

Reykjavíkurborg.....	60,30%
Kópavogsbær.....	14,60%
Hafnarfjarðarbær.....	12,50%
Garðabær.....	6,24%
Mosfellsbær.....	4,07%
Seltjarnarnesbær.....	2,29%

Upplýsingar um árangur, áhættu og óvissuþætti

Strætó bs. áformar að innleiða nýtt, rafrænt greiðsluferfi á árinu 2021 sem fengið hefur nafnið "Klappið". Fyrirmynd nýja greiðsluferfisins er þekkt í almenningssamgöngum víða um heim, þar sem kort eða farsími er settur upp við skanna þegar fargjald er greitt í vagninum. Nýja greiðsluferfið mun veita aðgang í Strætó á höfuðborgarsvæðinu og Borgarlinu, fyrst um sinn.

Strætó bs. leggur áherslu á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif vagnaflorens og árlega eru sett fram markmið til að stuðla að minna umhverfisspori starfsmanna.

Strætó bs. flokkar áhættuþætti sína í eftirfarandi :

Kjarnaáhætta: Fylgir kjarnastarfsemi eins og hún er skilgreind í eigendastefnu Strætó bs., þ.e. að „starfrækja almenningssamgangnaþjónustu á svæði eigenda sinna með samræmdu leiðakerfi og gjaldskrá.“

Fjárhagsleg áhætta: sem skiptist í eftirfarandi undirflokk: Markaðsáhætta, þ.e. áhrif markaðssveiflna á fjárhagslegan styrk Strætó bs. Lausafjárahætta, þ.e. geta Strætó bs. til að mæta rekstrarútgjöldum, standa undir greiðslubyrði lána, sinna reglulegu viðhaldi, endurnýja vagnafloren og ráðast í aðrar nauðsynlegar fjárfestingar. Mótaðilaáhætta, þ.e. áhrif hugsanlegra vanskila viðskiptavina á félagið, t.d. að eigendur og viðskiptamenn hafi fjárhagslega burði til að standa við skuldbindingar sínar við Strætó bs.

Rekstraráhætta: sem felur í sér áhættu vegna taps af ófullnægjandi eða gölluðum innri kerfum, vegna starfsmanna eða vegna ytri þátta, s.s. lagalegrar áhættu. Um er að ræða áhættu sem tengist starfsmönnum, ferlum og kerfum.

Félagið hefur komið á innra eftirliti og stýrir áhættu með viðeigandi starfaaðgreiningu og skilgreindum ábyrgðasviðum. Stjórn fer yfir áhættur félagsins á hverju ári ásamt því að fá reglulega skýrslur yfir árangur. Ferlar eru til staðar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á ársreikning félagsins. Deloitte gegnir hlutverki innri endurskoðunar.

Grunnrekstur Strætó bs. var sem áður stöðugur en efnahagsleg áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru setja hins vegar svip sinn á rekstrarniðurstöðu á árinu 2020. Samdráttur í rekstrartekjum má rekja til þeirra áfalla sem samfélagið hefur orðið fyrir vegna heimsfaraldurs. Aðgerðir stjórnenda voru einkum fólgnar í að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina samhliða að tryggja rekstur þannig að sem minnst truflun yrði á þjónustu við viðskiptavini.

Stjórnarhættir

Stjórn og stjórnendur Strætó bs. leggja áherslu á að góðir stjórnarhættir séu hafðir að leiðarljósi í starfsemi félagsins. Samkvæmt eigendastefnu Strætó bs, eiga stjórnarhættir að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum fylgja lögum, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar sem og sannfæringu sinni, gæta almannahagsmuna og hagsmuna byggðasamlagsins. Þá hefur stjórn Strætó bs. sett sér ítarlegar starfsreglur auk siðareglna sem hægt er að finna á vef Strætó.



Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Strætó bs. skuldbindur sig samkvæmt jafnlaunastefnu að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Í samræmi við jafnréttisstefnu Strætó bs. skal þess gætt við ákvörðun launa og fríðinda að ekki sé mismunad á grundvelli kyns eða annarra ómálefnilægra þátta.

Stjórn

Stjórn Strætó bs. er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildasveitarfélagi. Fulltrúinn skal vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri viðkomandi sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitarstjórn tilnefnir. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formennska skiptast milli aðildasveitarfélaganna. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samhliða ársreikningi þessum gefur Strætó bs. út ársskýrslu 2020. Í henni er gerð grein fyrir stjórnarhátum, viðskiptalkani, umhverfis-, samfélags- og starfsmannamálum eins og krafa er gerð um í lögum 3/2006 um ársreikninga. Í viðauka með ársreikningi á bls. 18 er gerð nánari grein fyrir ófjárhagslegum upplýsingum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Heimsfaraldur kórónaveiru hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi félagsins á árinu 2020. Fargjaldasala var verulega undir áætlunum á árinu og umtalsverður halli á rekstrinum. Horfur um þróun lausafjárstöðu félagsins á fyrstu mánuðum ársins 2021 eru neikvæðar en þykir þó sýnt að þróun faraldursins og samkomutakmarkanir munu ráða miklu um þá þróun. Félagið hefur fengið heimild frá eigendum sínum um töku skammtímalánsfjármögnunar allt að 300 m.kr. sem ætti að tryggja viðunandi lausafjárstöðu félagsins út árið 2021.

Það er mat stjórnar og stjórnenda að ekki leiki vafi á rekstrarhæfi félagsins þrátt fyrir neikvæðar horfur og eru reikningsskilin sett fram miðað við þá forsendu. Eigendur bera sameiginlega ábyrgð á skuldbindingum félagsins og ekkert sem bendir til annars en félagið geti staðið við skuldbindingar sínar.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur Strætó bs. í samræmi við lög og reglur um ársreikninga félaga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Strætó bs. fyrir árið 2020

Rekjavík, 9.apríl 2021.

Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnnesbæjar

Framkvæmdastjóri

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eiganda Strætó bs.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Strætó bs. („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka m.a til skýrslu stjórnar og ófjárhagslegra upplýsinga sem fylgir ársreikningi sem og upplýsinga í ársskýrslu. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni þessara upplýsinga og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins, hvort slíkar upplýsingar séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í þeim sé að finna verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 9. apríl 2021

Sturla Jónsson
lögiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2020

	Skýr.	Rauntölur		Áætlun
		2020	2019	2020
Rekstrartekjur	4			
Fargjöld	15	1.746.510	2.343.818	2.513.012
Rekstrarframlög eignaraðila		3.825.818	3.566.736	3.818.174
Ríkisframlag	28	900.000	887.200	887.200
Pant akstursþjónusta.....	16	1.335.436	1.731.162	1.801.449
Aðrar tekjur	17	281.305	218.309	189.321
Rekstrartekjur samtals		<u>8.089.068</u>	<u>8.747.225</u>	<u>9.209.156</u>
Rekstrargjöld				
Rekstrarsvið.....	19	6.116.483	5.937.159	6.222.005
Samrekstur.....	20	772.531	791.063	822.618
Pant akstursþjónusta.....	16	1.335.436	1.731.162	1.801.449
Rekstrargjöld samtals		<u>8.224.450</u>	<u>8.459.385</u>	<u>8.846.072</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITA).....		<u>(135.382)</u>	<u>287.840</u>	<u>363.084</u>
Afskriftir	21	254.954	278.393	310.800
Rekstrarniðurstaða (EBIT).....		<u>(390.336)</u>	<u>9.447</u>	<u>52.284</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5			
Vaxtatekjur.....		1.975	7.948	8.023
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(65.554)	(54.276)	(60.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>(63.578)</u>	<u>(46.328)</u>	<u>(51.977)</u>
Rekstrarniðurstaða		<u>(453.914)</u>	<u>(36.881)</u>	<u>307</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Fastafjármunir			
Varanlegir fastafjármunir:	7,21		
Strætisvagnar og önnur okutæki		1.557.367	1.757.548
Innréttingar, áhöld og tæki.....		57.349	88.634
Hugbúnaður.....		148.758	14.278
		<u>1.763.474</u>	<u>1.860.460</u>
Áhættufjármunir og langtímaskuldir:			
Fyrirframgreidd framlög til Brúar lífeyrissjóðs.....	8,22	669.948	697.831
		<u>669.948</u>	<u>697.831</u>
Fastafjármunir samtals		<u>2.433.423</u>	<u>2.558.291</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	9,23	100.996	108.132
Skammtímaskuldir:	11		
Viðskiptaskuldir	24	95.074	164.812
Kröfur á tengda aðila.....	30	133.972	418.245
Næsta árs gjaldfærsla - Brú lífeyrissjóður.....	8,22	27.883	27.883
Aðrar skammtímaskuldir	25	48.938	55.273
Handbært fé.....	13	376.515	377.133
Veltufjármunir samtals		<u>783.379</u>	<u>1.151.478</u>
Eignir samtals		<u>3.216.801</u>	<u>3.709.769</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eigið fé			
Framlag eigenda		900.018	900.018
Óráðstafað eigið fé		382.665	836.580
Eigið fé samtals	27	<u>1.282.683</u>	<u>1.736.598</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		1.036.435	1.027.588
Næsta árs afborganir.....		(38.515)	(25.991)
Langtímaskuldir samtals	11,28	<u>997.920</u>	<u>1.001.597</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		491.716	496.551
Fyrirfram innheimtar tekjur		0	73.933
Næsta árs afborganir langtímalána.....	11,28	38.515	25.991
Aðrar skammtímaskuldir	26	405.967	375.099
Skammtímaskuldir samtals		<u>936.198</u>	<u>971.575</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>1.934.118</u>	<u>1.973.172</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.216.801</u>	<u>3.709.769</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Rekstramiðurstaða		(453.914)	(36.881)
Rekstrariðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	21	254.954	278.393
Verðbætur og gengismunur.....	5	35.489	26.929
Velutfé (til) frá rekstri		(163.472)	268.441
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, (hækkun) lækkun.....		7.136	(6.300)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		360.346	(306.664)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		(47.900)	115.712
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting.....	22	27.883	27.883
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		347.465	(169.370)
Handbært fé frá rekstri		183.993	99.071
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	21	(163.542)	(125.009)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....		5.574	119.044
Fjárfestingarhreyfingar		(157.968)	(5.965)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána.....	28	(26.642)	(14.791)
Fjármögnunarhreyfingar		(26.642)	(14.791)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(618)	78.315
Handbært fé í ársbyrjun		377.133	298.817
Handbært fé í lok árs.....		376.515	377.133

Skýringar

- Upplýsingar um byggðasamlagið**
 Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%). Strætó er með höfuðstöðvar að Hesthálsi 14, í Reykjavík. Ársreikningur Strætó er hluti af samstæðureikningi Reykjavíkurborgar.
- Grundvöllur reikningsskilanna**
 Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- Reikningsskilaaðferðir**
- Mat og ákvarðanir**
 Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

 Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.
- Innlausn tekna**
 Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Rekstrarframlög eru tekjufærð þegar kröfuréttur hefur myndast.

 Rekstrarframlag eignaraðila er innheimt eftir samþykktri fjárhagsáætlun hvers rekstrarárs.
- Verðlags- og gengisviðmið**
 Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímils. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.
- Lotun gjalda**
 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.
- Varanlegir rekstrarfjármunir**
 Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

 Strætisvagnar og önnur ökutæki 10-13 ár
 Innréttingar, áhöld og tæki 3-10 ár
 Hugbúnaður 3 ár
- Langtímakrafa - lífeyrissjóður**
 Langtímakrafa er vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð, samanber lög nr. 127/2016, sem skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærast á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærast á 20 árum.
- Birgðir**
 Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra
- Skammtímakröfur**
 Skammtímakröfur eru metnar á nafnverði og hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótveikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna, er færð í rekstrarreikning.

Skýringar

11. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok tímabils eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

12. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

13. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

14. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

15. Fargjöld

	2020	2019
Fargjöld greitt af farþegum	1.332.255	1.920.528
Niðurgreiðsla farmiða aldraðra og öryrkja	106.247	153.848
Niðurgreiðsla nemakorta	308.007	269.442
	<u>1.746.510</u>	<u>2.343.818</u>

Sveitarfélögin niðurgreiða ferðir aldraðra, öryrkja og nema.

Breyting er gerð á flokkun tekna þannig að niðurgreiðsla nemakorta flokkast nú undir fargjöld en var áður undir rekstrarframlögum eigenda. Samanburðartölum er breytt í samræmi.

16. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Tekjur	2020	2019
Framlag sveitarfélaga	1.265.307	1.633.028
Fargjöld notenda	70.128	98.134
	<u>1.335.436</u>	<u>1.731.162</u>

Gjöld

Aðkeyptur akstur	1.330.382	1.724.964
Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri	5.055	6.198
	<u>1.335.436</u>	<u>1.731.162</u>

Verktakar annast allan akstur akstursþjónustu fatlaðs fólks. Allur bein kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

17. Aðrar tekjur

	2020	2019
Þóknun - akstursþjónusta fatlaðs fólks	134.176	86.886
Þóknun - landsbyggðin	97.277	94.777
Aðrar tekjur	49.852	36.645
	<u>281.305</u>	<u>218.309</u>

18. Laun og launatengd gjöld

	2020	2019
Laun	2.093.939	2.107.381
Mótframlag í líffeyrisjóð	301.108	264.487
Tryggingagjald	150.312	153.481
Önnur launatengd gjöld	45.615	44.702
Gjaldfært framlag til Brúar líffeyrisjóðs	27.883	27.883
Breyting á áunnu, ógreiddu orlofi	42.613	1.463
	<u>2.661.471</u>	<u>2.599.396</u>

Fjöldi ársverka	258	248
-----------------------	-----	-----

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu alls um 38 m.kr. á árinu (2019: 39 m.kr.). Í lok ársins störfuðu 269 starfsmenn hjá Strætó bs.

Skýringar

19. Rekstrarsvið

	2020	2019
Laun og launatengd gjöld	2.158.993	2.066.381
Gjaldfært framlag til Brúar líffeyrisjóðs	22.817	22.406
Aðkeyptur akstur	2.972.992	2.799.557
Annar rekstrarkostnaður	823.725	912.402
Húsnæðiskostnaður	137.957	136.414
	<u>6.116.483</u>	<u>5.937.159</u>

Undir rekstrarsvið heyrir allur rekstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu, þar með talið, flotastýring, verkstæði og þvottastöð.

Þóknun til endurskoðenda ársreiknings félagsins nam kr 1,9 og innri endurskoðenda 2,9 m.kr.

20. Samrekstur

	2020	2019
Laun og launatengd gjöld	469.540	498.934
Gjaldfært framlag til Brúar líffeyrisjóðs	5.066	5.477
Annar rekstrarkostnaður	297.925	286.653
	<u>772.531</u>	<u>791.063</u>

Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði akstursþjónustu fatlaðs fólks og farþegum strætó.

21. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2020	3.618.419	318.037	91.721	4.028.176
Afskrifað áður	(1.860.870)	(229.403)	(77.444)	(2.167.717)
Bókfært verð 1.1.2020	1.757.548	88.634	14.278	1.860.460
Viðbót	0	20.161	143.381	163.542
Selt/ fært út og niðurlagt	(5.574)			(5.574)
Afskrift	(194.607)	(51.447)	(8.900)	(254.954)
Bókfært verð 31.12.2020	1.557.367	57.349	148.758	1.763.474
Afskriftahlutföll	8-13%	10-33%	33%	

Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja er samtals um 263 m.kr.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna og annara ökutækja er samtals um 1.888,6 m.kr.

22. Fyrirframgreidd framlög til Brúar líffeyrisjóðs

Á árinu 2018 greiddi Strætó bs. samtals 1035,9 m.kr. vegna uppgjörs við Brú líffeyrisjóð. Uppgjörið er tilkomið vegna breytinga á skipan líffeyrismála opinberra starfsmanna sem samþykkt var á Alþingi með lögum nr. 127/2016. Samkvæmt samkomulagi Strætó bs. við Brú líffeyrisjóð er framlagið þrískipt:

- 238,1 m.kr framlag í jafnvægisjóð, gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 720,3 m.kr. framlag í líffeyrisaukasjóð, gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 77,5 m.kr. framlag í varúðasjóð, gjaldfært á 20 árum frá 1.júní 2017

Staða í byrjun árs	725.714
Gjaldfært á árinu	(27.883)
	<u>697.831</u>
Næsta árs gjaldfærsla	(27.883)
	<u>669.948</u>

Skýringar

23. Birgðir

	2020	2019
Olía	6.635	11.703
Varahlutir	104.361	106.428
Niðurfærsla birgða	(10.000)	(10.000)
	<u>100.996</u>	<u>108.132</u>
Vátryggingaverðmæti birgða	112.828	110.000

24. Viðskiptakröfur

	2020	2019
Viðskiptamenn	64.912	90.771
Viðskiptamenn - akstursþjónusta fatlaðs fólks	16.793	21.215
Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur	37.769	77.226
Varúðarfærsla viðskiptakrafna	(24.400)	(24.400)
	<u>95.074</u>	<u>164.812</u>

25. Aðrar skammtímakröfur

	2020	2019
Fyrirframgreiddur kostnaður og fjárfestingar	34.774	47.474
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	14.164	7.799
	<u>48.938</u>	<u>55.273</u>

26. Aðrar skammtímaskuldir

	2020	2019
Áunnið ógreitt orlof	179.826	138.074
Ógreidd laun og launatengd gjöld	146.138	157.230
Aðrar skammtímaskuldir	80.003	79.794
	<u>405.967</u>	<u>375.099</u>

27. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020	900.018	836.579	1.736.598
Rekstrarniðurstaða ársins		(453.914)	(453.914)
Staða 31.12.2020	<u>900.018</u>	<u>382.665</u>	<u>1.282.683</u>

Eignarhlutur

Garðabær	6,24%	56.161	23.878	80.039
Hafnarfjarðarbær	12,50%	112.502	47.833	160.335
Kópavogsbær	14,60%	131.403	55.869	187.272
Mosfellsbær	4,07%	36.631	15.574	52.205
Reykjavíkurborg	60,30%	542.711	230.747	773.458
Seltjarnarnesbær	2,29%	20.610	8.763	29.373
	100,00%	<u>900.018</u>	<u>382.665</u>	<u>1.282.683</u>

28. Langtímaskuldir

	Vextir	2020
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt	2,50-2,57%	<u>1.036.435</u>
		<u>1.036.435</u>
Afborganir langtímaskulda á næstu árum:		
2021		38.515
2022		38.937
2023		39.370
2024		39.815
Síðar		<u>879.797</u>
		<u>1.036.435</u>

Skýringar

29. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að amk tvöfalda hlutdeild almenningsgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022.

30. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

31. Önnur mál

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði máli á hendur Strætó bs. þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmatrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna framangreinds máls.

Nokkrir rammasamningshafar í Pant akstursþjónustu hafa kært Strætó bs. til kærunefndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kærunefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Kærunefnd útboðsmála úrskurðaði 21. júní 2016 að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét kærunefndin í ljós það álit að Strætó bs. væri skaðabótaskyld gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjárlóns kæranda.

Í febrúar 2019, barst Strætó bs. stefnur frá tveimur rammasamningshöfum sem telja að á þeim hafi verið brotið við framkvæmd akstursþjónustunnar. Strætó hefur falið lögmanni sínum að taka til varna.

Heimsfaraldur kórónaveiru hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi félagsins á árinu 2020. Fargjaldasala var verulega undir áætlunum á árinu og umtalsverður halli á rekstrinum. Horfur um þróun lausafjárstöðu félagsins á fyrstu mánuðum ársins 2021 eru neikvæðar en þykir þó sýnt að þróun faraldursins og samkomutakmarkanir munu ráða miklu um þá þróun. Félagið hefur fengið heimild frá eigendum sínum um töku skammtímalánsfjármögnunar allt að 300 m.kr. sem ætti að tryggja viðunandi lausafjárstöðu félagsins út árið 2021.

Það er mat stjórnar og stjórnenda að ekki leiki vafi á rekstrarhæfi félagsins þrátt fyrir neikvæðar horfur og eru reikningsskilin sett fram miðað við þá forsendu. Eigendur bera sameiginlega ábyrgð á skuldbindingum félagsins og ekkert sem bendir til annars en félagið geti staðið við skuldbindingar sínar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf (óendurskoðuð)

Gildi Strætó bs.

Gildi Strætó bs. eru áreiðanleiki, samvinna og drifkraftur

Umhverfismál

Strætó bs. vill vera til fyrirmyndar og leiðandi í umhverfismálum og umhverfisvernd og skuldbindur sig til þess að draga úr, beinum og óbeinum, neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfið. Árlega setja stjórnendur sér mælanleg markmið í umhverfismálum og er árangur birtur í ársskýrslu Strætó bs. Strætó bs. starfar eftir umhverfisstefnu sem birt er á vef fyrirtækisins, www.straeto.is

Samfélagsmál

Strætó bs. er þjónustufyrirtæki sem skal á hverjum tíma miðast við að lágmarka kostnað eigenda og samfélagsins við úrlausn þeirra verkefna sem fyrirækinu er falið, að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem sett eru í þjónustusýn og umhverfisstefnu þess. Strætó bs. vill vera til fyrirmyndar í samgöngumálum og stuðla að aukinni notkun vitsvænna ferðamáta á meðal starfsmanna fyrirtækisins. Fyrirtækið leggur áherslu á vistvæna ferðamáta þar sem þeir leiða til heilsusamlegrí lífsstíls og minni kostnaðar hjá starfsmönnum um leið og umhverfinu er sýnd meiri virðing.

Starfsmannamál

Strætó bs. leggur áherslu á, sem þjónustufyrirtæki, að hafa í þjónustu sinni starfsfólk sem býr yfir ríkri þjónustulund og hluttekningu. Á vef Strætó bs., www.straeto.is, er m.a. að finna jafnlauna-, jafnréttis- og mannauðsstefnu. Ítarleg grein er gerð fyrir starfsmannamálum í ársskýrslu Strætó bs. 2020.

Spilling, mútur og mannréttindi

Í siðareglum stjórnar skal kjörinn fulltrúi forðast alla hegðun sem gæti talist fela í sér að veita eða þiggja óeðlilegar fyrirgreiðslur eða mútur. Misferlishnappur er til staðar á heimasíðu Strætó bs. þar sem tekið er við ábendingum sem gætu varðað innri endurskoðun sem varða misferli starfsmanna eða stjórnar.

Nánari upplýsingar um ófjárhagslegar upplýsingar

Samhliða ársreikningi gefur Strætó bs. út ársskýrslu 2020 þar er gerð nánari grein fyrir ófjárhagslegum upplýsingum um félagið. Skýrsluna er að finna á slóðinni www.straeto.is

BESTA 
LEIDIN

